

Blý í ódýru skarti

Efnaeftirlit á áætlun 2020

Dagsetning	22. desember 2020
Fyrirtæki	Hagkaup
Heimilisfang	Skútuvogur 5, 104 Reykjavík
Kennitala	430698-3549
Starfsemi	Stórmarkaðir og matvöruverslanir
Eftirlitsstaður	Kringlan 4-12, 103 Reykjavík
Fulltrúi fyrirtækis á vettvangi	Þorsteinn W. Kolbeinsson
Eftirlitsmaður	Ísak Sigurjón Bragason
Tegund eftirlits	Efnaeftirlit
Tengiliður fyrirtækis	Daði Ingólfsson

SAMANTEKT

Umhverfisstofnun fór í eftirlit með ódýru skarti hjá verslun Hagkaupa í Kringlunni þann 22. desember 2020. Ein vara var valin af handahófi og rannsakað hvort að hún innihaldi blý og ef svo hvort magn blýsins væri innan leyfilegra marka, sbr. reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH). Varan inniheldur blý, en styrkurinn reyndist innan leyfilegra marka.

MERKING HUGTAKA

Merking eftirfarandi hugtaka sem notuð eru í skýrslunni er sem hér segir:

Markaðssetning: Það að sjá þriðja aðila fyrir vöru sem fellur undir efnalög nr. 61/2013 eða bjóða hana fram, hvort heldur er gegn greiðslu eða án endurgjalds. Innflutningur er markaðssetning.

Parts per billion (ppb): Billjónasti hluti. Notað til að lýsa styrk og er hlutfall á milli þyngdar efnisins og heildarþyngd ($\mu\text{g}/\text{kg}$).

REACH: Reglugerð (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni sem innleidd er í reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH)¹.

¹ Samsett reglugerð nr. 888/2015 á vef Umhverfisstofnunar:
<https://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Efni/REACH/samsett-reglugerd-nr-888-2015.html>

Skart: Bæði ekta og óekta skart og hálskraut, þ.m.t. armbönd, hálsmen, hringir, skart notað við húðgatanir, armbandsúr, ermahnappar, nælur og sérhver hluti sem búin til er úr efnum sem notað er í skartgripagerð.

UMFANG EFTIRLITS

Umhverfisstofnun vísar í bréf stofnunarinnar, dags. 22.12.2020, þar sem kynnt var eftirlitsverkefni með tilteknum takmörkunum í reglugerð um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (svokallaðri REACH reglugerð) í samræmi við hlutverk Umhverfisstofnunar skv. efnalögum nr. 61/2013. Eftirlitið fór fram sama dag og var markmið þess að rannsaka blýinnihald í ódýru/óekta skarti en skv. 63. færslu XVII. viðauka við REACH skal ekki setja á markað skart, þ.m.t. óekta skart, ef styrkur blýs í þeim eða einstökum hlutum þeirra er 0,05% eða meiri miðað við þyngd.

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eftirtalin vara sem féll undir umfang eftirlitsins var skoðuð:

Vara	Strikamerki
Hálsmen (barna)	8712916095095 (vörunúmer 1167319)

Um er að ræða gyllt hálsmen með orðinu love fremst og gylltum stjörnum víðsvegar á keðjunni. Vegna misleitni hálsmensins voru gerðar tvær blýstyrksmælingar. Annars vegar á keðjunni þar sem styrkur blýs reyndist vera 3,81 ppb og hins vegar skartinu (love) þar sem styrkurinn reyndist vera 171,93 ppb. Þar sem báðar mælingar sýndu blýstyrk undir 0,05% af heildarþyngd einstakra hluta hálsmensins, þ.e. keðjunnar annars vegar og skartsins hins vegar, eru engin frávik tilgreind.

ÁBENDINGAR

Í þessu eftirliti var eingöngu rannsakaður styrkur blýs. Vert er að benda á aðrar takmarkanir sem gilda, s.s. að óheimilt er að setja á markað skartgripa ef styrkur kadmíum í þeim er 0,01% eða meiri miðað við þyngd, sbr. 23. færslu XVII. viðauka við REACH.

Athuga skal að nýjar takmarkanir á efnum bætast reglulega við reglugerð REACH en þeir sem bjóða vörur fram á markaði hér á landi bera ábyrgð á að markaðssetningin sé í samræmi við þær reglur sem eru í gildi hverju sinni, sbr. 2. mgr. 23. gr. efnalaga nr. 61/2013.

Reykjavík, 29. mars 2021

Bergdís Björk Bæringsdóttir